

### 3. Fundur

Mánudaginn 6. nóvember 2023 kom trúnaðarráð saman ásamt öllum þeim sem gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið á vinnufund í Lionssalnum á 4. hæð Alþýðuhússins og hófst hann kl. 18:30. Alls mættu 30 manns á fundinn.

#### Dagskrá:

1. Upplýsingar frá formanni.

Upplýsti um formannafund LÍV og formannafund ASÍ, og stöðuna í kjaraviðræðum.

2. Borðavinna – farið verður í þrjú málefni:
  - a. Orlofshús félagsins.
  - b. Sjúkrasjóður – styrkir úr Sjúkrasjóði.
  - c. Áherstur í kjaraviðræðum.

Samantekt vinnufundar má sjá hér neðar.

3. Önnur mál

Trúnaðarmenn kjósa í trúnaðarráð.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið.

## Samantekt af vinnufundi þann 6. nóvember 2023

Boðuð: öll þau sem gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið

Alls mættu 30 manns

### Borðavinna

Hópnum var skipt á fjögur borð. Til umræðu voru orlofshús félagsins, styrkir úr sjúkrasjóð og áherslur gagnvart atvinnurekendum í komandi kjarasamningum. Allir hópar kynntu niðurstöður fyrir hvert umfjöllunarefni.

### Orlofshús

Eftirfarandi er samantekt á tillögum um úrbætur og framtíðarsýn fyrir orlofskosti félagsins:

- Skoða með vetrarleigu á Austurlandi
- Spurning um að leigja bústaði með öðrum félögum fyrir austan og vestan
- Passa að halda viðhaldi reglulegu, ekki láta eignir drabbast niður
- Láta punkta stjórna úthlutun um jóla, áramót og páska
- Hugsa stórt, fleiri íbúðir erlendis
- Staðsetning:
  - Fleiri og dreifðari valkostir yfir sumarið
  - Fleiri valkostir í nágrenni Akureyrar allt árið
  - Fleiri valkostir í RVK, mikið bókað þar fram í tímann og hótalgisting dýr
- Aðbúnaður
  - Mjög góður
  - Tillaga um að hafa val um þrif á Skógarseli
- Endurskoðun á úthlutun:
  - Hvernig söfnum við punktum
  - Ungir sem fá aldrei hús
- Tillaga fyrir sumartímabil: skipta tveimur bústöðum á Illugastöðum, fólk vill ferðast lengra frá heimahögum að sumri
- Staðsetning sumarhúsa: nálægð við bæjarkjarna mikilvæg upp á aðföng og annað
- Kominn tími á að finna nýjan bústað í staðinn fyrir Flókalund
- Spurning um skiptibústaði á suðvesturhornið og norðanverða vestfirði
- Vetrarleiga á Spáni
- Laga aðbúnaði í Miðhúsaskógi
  - T.d. eru rúmin lítil

### Sjúkrasjóður - styrkir

Eftirfarandi er samantekt á tillögum um úrbætur á styrkjum úr sjúkrasjóð:

- Flott ef hægt væri að skoða stöðu á inneign inni á Félagavefnum
- Bæta við göngugreiningu, t.d. 30% af reikning, hámark 5.000,- kr. á ári

- Kynna betur að styrkur fyrir krabbameinsleit nái líka yfir leit hjá karlmönnum
- Glæraugnastyrkur; ef félagsmaður nýtir ekki styrkinn til kaupa á glæraugum fyrir sjálfan sig nái rétturinn innan þessa flokks til barns félagsmanns (undir 18 ára)
- Hækka styrk til frjósemisaðgerða, eða hafa á hverju ári
- Sýnilegra að krabbameinsleit sé fyrir öll kyn
- Lasik aðgerð: breyta í tvö skipti, 50.000,- kr. per auga (taka út 35% af reikningi)
  - Hafa eins fyrir heyrnartæki
- Hækka styrk fyrir sálfræðipjónustu upp í 75.000,- kr.
- Sjúkranudd og sjúkráþjálfun saman undir TR
- Kírópraktor og heilsunudd utan TR saman
- Dvöl í Hveragerði, tilvísun frá lækni, styrkur upp á 100.000,- kr. á þriggja ára fresti
- Greiða sjúkradagpeninga í 6 mánuði
- Hækka niðurgreiðslu á kostnaði við sálfræðipjónustu
- Líkamsrækt / Íþróttir > hvar er línan?
- Heilsuefling: píla, skák, golf og hestaíþróttir (er það líkamsrækt?)
- Skógarböð, sjóbböð og bjórbböðin þóttu ekki teljast til líkamsræktar
- Styrkja dvöl í Hveragerði: 115.000 kr. styrkur, mögulega takmarka við amk. 5 ára sögu hjá félaginu
- Hækka rétt öryrkja til styrks úr sjúkrasjóð í 5 ár
- Veita glæraugnastyrk á 2 ára fresti (glæraugu duga ekki í 3 ár)
- Hækka styrk vegna krabbameinsleitar
- Bæta við hjartaskoðun (fyrirbyggjandi)
- Bæta við göngugreiningu (fyrirbyggjandi)

## Áherslur í kjaraviðræðum

Eftirfarandi er samantekt á greiddum atkvæðum með áhersluatriðum í komandi kjaraviðræðum, sá valmöguleiki sem hlaut flest atkvæði er blámerktur og feitiletraður. Alls greiddu 29 atkvæði (formaður sat hjá):

### 1. Hvaða áherslu telur þú að FVSA/LÍV eigi að hafa í næstu kjarasamningum um launahækkunir

- **Prósentuhækkun með lágmarki og hámarki í krónum (19 atkvæði)**
- Prósentuhækkun með lágmarki í krónum (ekkert atkvæði)
- Sömu krónutöluhækkun fyrir öll (7 atkvæði)
- Sömu prósentuhækkun fyrir öll (3 atkvæði)

### 2. Hvaða telur þú að verkalýðshreyfingin eigi að semja til langs tíma í komandi samningaviðræðum?

- Til eins árs (1 atkvæði)
- **Til tveggja ára (22 atkvæði)**

- Til þriggja ára (6 atkvæði)
- Til fimm ára (ekkert atkvæði)


### 3. Veldu þau tvö atriði sem þú telur mikilvægust í forgangs röðun gagnvart atvinnurekendum í komandi kjarasamningum (einn sat hjá í þessari atkvæðagreiðslu):

- **Aukinn veikindaréttur (23 atkvæði)**
  - Veikindaréttur taki til ungmenna að 18 ára aldri
  - Fjarvera vegna veikinda telji í hálfum eða heilum dögum
  - Aukinn sveigjanleiki veikindaréttar vegna veikinda nákomina ættingja
- Aukinn orlofsréttur (9 atkvæði)
  - Réttur til 30 daga orlofs
  - Orlofsnýting allt að tvö ár
  - Launafólk ávinni sér orlofsrétt í fæðingarorlofi
- Stytting vinnuvikunnar (8 atkvæði)
  - Stytt í 32 stundur á viku
  - Tillaga að aukaklausu: ef ekki næst að taka styttingu vinnuviku safnast það saman í auka orlof
- Aukinn uppsagnarréttur (6 atkvæði)
  - Tryggja starfsfólki með langan starfsaldur lengri uppsagnarfrest
- Tryggja réttarstöðu í fjarvinnu (1 atkvæði)
  - Ákvæði um fjarvinnu sett inn í kjarasamning
  - Rammisamningur um fjarvinnu tekinn til endurskoðunar
  - Aukinn sveigjanleiki og frelsi í vinnu
- Aukið lýðræði (3 atkvæði)
  - Atvinnulýðræði – starfsfólk hefur rétt til að kjósa fulltrúa í stjórn fyrirtækis
  - Sjóðfélagslýðræði – sjóðsfélagar geta kosið fulltrúa í stjórn síns lífeyrissjóðs
- Fagnám í verslun og þjónustu (3 atkvæði)
  - Námið verði metið til launahækkunar, 7% við lok hvers þriðjung náms
  - Starfsfólk sem hefur lokið náminu fyrir ráðningu fái hærri laun sem því nemur
- Sí- og endurmenntun (3 atkvæði)
  - Lágmark ein vika á ári til setu í starfstengdu námi án skerðingar á launum

# Niðurstöður örkönnunar

Dagana 1.- 6. nóvember gafst félagsmönnum kostur á að taka þátt í örkönnun á vegum félagsins. Könnunin var send á alla þá félagsmenn sem eru með netfang sitt skráð inni á félagavef FVSA. Alls fengu 1.417 félagsmenn könnunina senda, alls svöruðu 362<sup>1</sup> eða 26%.


## 1. Hvaða áherslu telur þú að FVSA/LÍV eigi að hafa í næstu kjarasamningum um launahækkanir



Niðurstöður örkönnunarinnar ríma við niðurstöður vinnufundarins, þ.e. flest kjósa prósentuhækkun með lágmarki og hámarki í krónum.


<sup>1</sup> Í heild hófu 427 svörun, en 65 manns luku ekki við könnunina. Niðurstöður byggja á svörun þeirra sem kláruðu könnuna, eða 362 manns.

2. Hvaða telur þú að verkalýðshreyfingin eigi að semja til langs tíma í komandi samningaviðræðum?



Samkvæmt örkönnuninni vilja flest kjósa til tveggja ára og samræmist það niðurstöðum vinnufundarins, en 22 kusu þann möguleika. Næstflest atkvæði á vinnufundi hlaut valmöguleikinn um að kjósa til þriggja ára, eða 6 atkvæði. Að semja til eins árs hlaut aðeins eitt atkvæði á vinnufundinum, en álíka mörg kusu með samningum til eins og þriggja ára í örkönnuninni.

3. Veldu þau tvö atriði sem þú telur mikilvægust í forgangs röðun gagnvart atvinnurekendum í komandi kjarasamningum:



Þegar valin voru mikilvægustu áhersluatriði gagnvart atvinnurekendum hlaut stytting vinnuvikunnar flest atkvæði í örkönnuninni, næstflesta hlaut aukinn orlofsréttur og næst kom aukinn veikindaréttur. Niðurstöður vinnufundarins settu sömu áhersluatriði í efstu þrjú sæti, en í annari röð. Aukinn veikindaréttur hlaut flesta atkvæði vinnufundarins, þá kom aukinn orlofsréttur og þriðja forgangsatriði var stytting vinnuvikunnar.